

L Ö G

um bann gegn jarðraski.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það samkvæmt 6. gr. laga, dags. 7. maí þ. á., um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv., hefir látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933 og gefur þau hér með út svo breytt sem lög um bann gegn jarðraski.

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra.

2. gr.

Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkvæmt 1. málsg. 1. gr., að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsg. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð. Mál er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.